

Við – kynheilbrigðisfræðsla með áherslu á sjálfsmýnd og líkamsímynd

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Upplýsingar um verkefnið

UMS- 73 Skólaárið 2021-2022

Ábyrgðarskóli: Grunnskóli Borgarfjarðar

Verkefnisstjóri: Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Efla kynheilbrigðisfræðslu innan grunnskólanna
- Fræða starfsfólk svo þau séu betur í stakk búin til að taka umræðuna
- Útbúa námskrá fyrir 1.-10. bekk í kynfræðslu sem byggir á eflingu sjálfsmyndar og jákvæðri líkamsímynd
- Efla samstarf við leikskólann Hnoðraból með kynningu á verkefninu

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

- Fræðsla til starfsfólks Grunnskóla Borgarfjarðar í tvö skipti, um verkefnið almennt og þeirra aðkomu að því, og svo um orðanotkun og hugtök í kynfræði.
- Fræðsla til starfsfólks leikskólans Hnoðrabóls um kynfræði í leikskólaumhverfinu
- 10-15 kennslustundir í öllum árgögum Grunnskóla Borgarfjarðar auk kynfræðitengdra valgreina á ungingastigi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Þar sem minna fjármagn fékkst til verkefnisins en upphaflega var sótt um var nauðsynlegt að gera breytingar á verkefninu. T.a.m. var skorið niður í aðkeyptri fræðslu en meiri áhersla lögð á að nemendur og starfsfólk fengju fræðslu sem lagt var upp með. Einnig vannst ekki tími vegna takmarkana í samfélaginu til þess að skólahópur fengi fræðslu úr verkefninu.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

- Skortur á námsefni er mikill, það efni sem er til fjallar að miklu leiti um sama efnið og lítið verið uppfært í takt við breytingar í samfélaginu.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Þar sem Grunnskóli Borgarfjarðar er heilsueflandi skóli, Grænfánaskóli og Leiðtogaskóli, er margt í hefðbundinni dagskrá skólastarfsins sem vinnur að markmiðum verkefnisins.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

- Stefnt er að áframhaldandi kynheilbrigðisfræðslu í sambærilegri mynd á næsta skólaári.
- Starfsfólk hefur orðið meðvitaðra um þátt sinn í þessum málum

Niðurstöður verkefnisins

- Eftir verkefnið eru til námskrár í kynheilbrigðisfræðslu fyrir 1.-10. bekk auk námskráa og kennsluáætlana fyrir valgreinar á unglingsastigi. Jafnframt er nú til íslenskt námsefni fyrir grunnskólastigið sem styður við verkefnið og er stefnt að útgáfu að því síðar.
- Innan skólans hefur meðvitund um mikilvægi kynheilbrigðisfræðslu aukist mikið og við vinnu við verkefnið kom líka í ljós hversu mikið er í gangi innan skólans sem tengist beint inn í verkefnið. T.a.m. má nefna velferðarkennslu sem er í boði í öllum árgöngum, þar sem markvisst er unnið með sjálfsrækt og velferð nemenda.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Verkefnið var kynnt á NACS, norrænni ráðstefnu kynfræðinga í október 2021. Í kjölfarið hefur verkefnastjóri verið í sambandi við erlenda kynfræðara sem sinna sambærilegum verkefnum á Norðurlöndunum.
- Grein í Skólaþráðum, birt 10. desember 2021
- Nýrri fræðslunefnd Borgarbyggðar sem tók við á vordögum 2022 boðin kynning á verkefninu og afrakstri þess.

Póra Geirlaug Bjartmarsdóttir
Póra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Verkefnistjóri

Helga/Lensína Svavarsdóttir
Helga/Lensína Svavarsdóttir

Glúturaskóli Borgarfjarðar
Gleði - Heilbrigði - Árangur

Rekstrarreikningur v. UMS 73

Við – kynheilbrigðisfræðsla með áherslu á sjálfsmynd og líkamsímynd

Skýring kostnaðar	Gjöld	Tekjur
Verkefnastjórnun	251,550	
Aðkeypt fræðsla	210,000	
Launakostnaður	2,228,482	
Akstur	115,800	
Fjármagn frá skóla		1,955,832
Styrkur frá Sprotasjóði		850,000
	2,805,832	2,805,832

Póra Geirlaug Bjartmarsd.
Póra Geirlaug Bjartmarsdóttir
Verkefnisstjóri

Helga / Svavarsd
Helga Jónsína Svavarsdóttir
Skólastjóri



Grunnskóli Borgarfjarðar
Gleði - Heilbrigði - Árangur